




Pegar við vorum í Englandi á dögunum áttum við leið um „snobb hill“, var okkur heilsað af manni sem við þóttumst þekkja til. Var þar enginn annar en Jon Andersson söngvari í Yes. Hann bauð okkur út í te. Meðan við drukkum það gripum við tækifærið og báðum við hann að segja svolítið frá Yes og sjálfum sér.

Jon Anderson hóf mál sitt á þessa leið:

Þegar hljómsveitir ætla sér að ná á toppinn, eru þær svo lifandi að það neistar af þeim. Þær hafa að takmarki að keppa og það sem rekur þær áfram er löngun eftir heiðri og frægð. Sjaldan átta þessar hljómsveitir sig á því að hið raunverulega vandamál skapast ekki fyrr en þær hafa náð toppnum. Hljóm-listarmenn sem láta eftir sér að stinga sér of djúpt til frægðarinnar eru í miklum vanda.

Jon heldur áfram. Yes mun ekki staðna, við höfum náð mjög langt síðan við spiluðum inn á okkar fyrstu plötu, við höldum stöðugt áfram inn á nýjar brautir, sem munu afhjúpast og geta víkkað sjóndeildarhring okkar. Við erum komnir smá spöl áleiðis.

Það nauðsynlegasta er, að víkka út sjóndeildarhring sinn og einmitt nú er það nauðsynlegra en nokkru sinni áður. Við vinnum 2 sinnum meira nú en áður.

Allir meðlimir hljómsveitarinnar eru á eitt sáttir um að Yes eiga að halda áfram að víkka út sjóndeildarhring sinn og spila eins lengi og til er fólk til að hlusta á það sem við sendum frá okkur.

Sársaukafullt að skapa músik

Ég er ekki að meina að það sem við gerum sé svo mjög erfitt, en það getur verið sársaukafullt að semja músik, en það er ánægjulegt þegar við vinnum saman. Við erum góðir vinir og ég held að við gefum hvor öðrum innblástur. Allt sem maður getur gert í minni aðstöðu er að njóta þess og vinna eins mikið og hægt er. Músik getur verið mjög strembin vegna þess að maður nær raunverulega aldrei eins langt og maður óskar sér. Maður verður aldrei raunverulega ánægður, vegna þess að allan tíman reynir maður að gera það betur meðan á stendur.

Hvaða vandræði skapar þá einstaklingsframtakið fyrir Yes?

Jon vafðist tunga um tönn.

O, jæja, það vill nú víst koma fyrir alla, að það finnst einhver í grúbbum sem vill vera betri en aðrir.

Það finnst grúbbur sem leisast upp af þessum sökum, en ég held að vinskapurinn milli meðlimanna hafi sína þýðingu. Sé vandamál, þá tölum við saman þar sem við erum svo samhentir. Að fá vandamálin fram í dagsljósið, hjálpar vanalega.



Hljóðfæri guðs.

Jon heldur áfram að segja frá.

Við höfum snúið okkur til guðs. Það er nokkuð stórt til orða tekið, en mér finnst að við allir séum hljóðfæri guðs.

Sérhver manneskja er sjálfselsk á margan hátt. Við erum ánægðir með að fólk kunni að meta tónlist okkar. En fyrst og fremst kunnum við að meta hana sjálfir. Ég held að músik okkar sé heiðarleg. við höfum sökkt okkur niður í hana. Það er það, sem gerir hana svo mikilvæga fyrir okkur.

Eins og margir kannski vita er Jon mjög hugsandi maður, það sést vel á textum hans. Hann vill ekki segja fólki hvernig túlka eigi orð hans.

Jon borar upp í nefið og segir: Hver söngur hefur sérstaka þýðingu fyrir mig, en allt aðra merkingu fyrir aðrar manneskjur, það er bara gott. Mikilvægasta starf okkar er að hafa ofan af fyrir fólki. Hvernig það upplifir ánægjuna er þeirra mál.

Til að fá eins mikið og hægt er út úr vinnunni getum við ekki verið fleiri en fimm í hljómsveitinni, því við þurfum að einbeita okkur allan tímann.

Músikin getur líka verið hræðilega þreytandi, seint á kvöldin er maður orðinn þreyttur á þessu öllu saman, en svo fær maður svefn og daginn eftir vaknar maður hress og kátur, og hlakkar til að geta byrjað aftur.

Að lokum sagði Jon svo: „Fyrir mig er músikin lífið sjálft“.